

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Deiliskipulag vegna frístundabyggðar Skógum.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 14. mars 2011, í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, ofangreint deiliskipulag. Nokkrar minniháttar breytingar voru gerðar á deiliskipulagstillögunni með hliðsjón af athugasemdum og ábendingum. Upplýsingar um þær er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar.

Deiliskipulagið nær til 12 ha svæðis og er gert ráð fyrir 20 frístundalóðum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Laugum, 12. ágúst 2011.

Tryggvi Harðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. ágúst 2011